

5. janúar 2023

**Efni:** Athugasemd við tillögu að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar

Vísað er til auglýsingar á vef Norðurþings dags. 5. des. 2022.

#### **Forsendur deiliskipulags:**

Með einfaldri eftirgrennslan um það verkefni og þau áform sem hér um að ræða má sjá eftirfarandi þætti meðal annarra:

- Um er að ræða breytingu á lóðamörkum og deiliskipulagi sem sniðin er að áformum Íslandsþara um uppbyggingu verksmiðju til úrvinnslu stórþara. Þetta kemur ekki fram í texta kynntra deiliskipulagsgagna með öðrum hætti en að „úrvinnsla sjávarfangs“ sé meðal þeirrar atvinnustarfsemi sem skipulagsbreytingin byggir á. Í öðrum gögnum Íslandsþara og fundargerðum nefnda og ráða Norðurþings þar sem fjallað hefur verið um málið kemur hins vegar skýrt fram að áform um verksmiðju Íslandsþara til verkunar stórþara sé forsenda deiliskipulagsbreytingar Norðurþings. Sjá t.d.:
  - <https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefid-efni/fundargerdir/stjorn-hafnasjods-nordurthings/1693>
  - <https://www.nordurthing.is/is/moya/news/nordurthing-og-islandsthari-bjoda-til-ibuafundar-a-husavik>
  - <https://www.nordurthing.is/is/stjornsysla/skjol-og-utgefid-efni/fundargerdir/skipulags-og-framkvaemdarad/1619>
- Skipulagsbreytingar Norðurþings virðast byggja á umfangi verksmiðju sem tekur á móti og vinnur úr 40.000 t. af stórþara á ári.
- Ekki liggur fyrir nýtingaleyfi til stórþaratekju af þessu umfangi. Það sem liggur fyrir nú við umfjöllun þessa deiliskipulags er einvörðungu tímabundið rannsóknaleyfi með takmörkuðum nytjum til fárra ára.
- Kynningargögn framkvæmdaraðila og deiliskipulagsgögnin sýna áform um 4.000-6.000 þús.m<sup>2</sup> vinnsluskemmu, heimild fyrir skorsteina í allt að 11 metra hæð og mænishæð og önnur mannvirki (síló, tanka o.fl.) í sömu hæð. Einnig lægri byggingar í kring á sama reit, sem nemur allt að 20% af gólfleti meginbyggingar.

#### **Skipulagsþættir á Húsavík**

- Skipulagsbreytingin sem um ræðir snýst um það að koma fyrir allumsvifamikilli verksmiðju í miðbænum á Húsavík, í norðurhöfninni. Lóðamörkum og skilmálum deiliskipulagsins er þannig breytt til að heimila há og stór mannvirki með skorsteinum, sílóum og tönkum.
- Skipulagsbreytingin virðist ekki heimila nein mannvirki til löndunar, s.s. aðlegukanta eða útbúnað til að landa beint á verksmiðjureitinn eða rask á strandlengju landfyllingarinnar til slíkra athafna. Verður því ekki annað séð en starfsemi fyrirhugaðrar verksmiðju muni útheimta umfangsmikla flutninga til og frá verksmiðju. Ekki síst mikla landflutninga og akstur þungatækja frá löndunarstað í Húsavíkurhöfn að verksmiðjulóð.
- Það magn framleiðslu í verksmiðjunni sem skipulagsbreytingin byggir á (40 þús.t.) samsvarar að meðaltali yfir 100 tonnum af blautum þara á degi hverjum, alla daga árs. Með hliðsjón af misjöfnum aðstæðum í veðri og sjólagi eftir árstímum má gera ráð fyrir því að einhverja daga og vikur árs verði ekki hægt að sækja á sjó eða landa þaranum. Því mun þurfa suma mánuði, vikur og daga að landa margföldu þessu magni til að vega á móti stoppi á öðrum tímum. Af sömu ástæðum má gera ráð fyrir verulega auknu álagi í löndun og vinnslu þara yfir sumarmánuðina, þegar veður og sjólag er stöðugast.
- Þetta áformaða magn stórþara úr sjó á land í Húsavíkurhöfn er margfalt það magn sem Húsavíkurhöfn hefur sögulega borið á land af sjávarafurðum þegar mest hefur verið umleikis í sjávarútvegi. Deiliskipulag þessa svæðis þarf því að skoðast í þessu ljósi þegar kemur að innviðum, að- og tilflutningum,

umferð o.fl. Ekki er því samþunbarhæft að líta til hefðbundinnar notkunar, athafna og umferðar í tengslum við sjávarútveg og vinnslu á hafnarvæðinu.

- Sveitarstjórn Norðurlþings vinnur að uppfærslu og breytingu Aðalskipulags Norðurlþings um þessar mundir. Í þeirri vinnu er fjallað um iðnaðarsvæði, þ.m.t. önnur svæði sem hentað geta til þeirrar starfsemi sem hér um ræðir, ekki síst iðnaðarsvæðið á Bakka norðan Húsavíkur og iðnaðarsvæðið við Hrísmóa sunnan Húsavíkur. Í báðum tilvikum er um svæði sem byggð hafa verið upp með verulegum tilkostnaði og sterkum innviðum, bæði á kostnað Norðurlþings og ríkisins.
- Sveitarstjórn Norðurlþings hefur óskað með formlegum hætti eftir því að haf- og strandsvæðaskipulag verði unnið fyrir Skjálfaða og nærliggjandi strandsvæði fyrir Norðurlandi. [Sjá hér: <https://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna-vidbaetur/Nordurthing.pdf>] Þessi áform sveitarfélagsins birta vilja til þess að vinna með ríkisvaldinu og nærliggjandi sveitarfélögum að því að móta stefnu um nýtingu auðlinda á hafsvæðunum við byggðina. Deiliskipulag fyrir mannvirki og uppbyggingu hafnarvæða þarf að taka mið af þessu og vera unnið í takti við þessa vinnu.

### Um Stórþaranýttjar og aðila:

- Þau áform um stórþaranýttjar sem liggja skipulagsbreytingu Norðurlþings til grundvallar (40 þ.t./ári) eru mjög umsvifamikil í hlutfalli við nýttjar á heimsvísu.
- Sams konar stórþaranýttjar af áþekkri stærðargráðu hefur ekki verið leyfð fyrir ströndum Skotlands, m.a. með sérstakri reglugerð árið 2019 vegna óviðunandi umhverfisáhrifa og áhættu fyrir aðrar sjávar- og strandnýttjar. Sjá t.d.:
  - o <https://www.oxfordmail.co.uk/news/national/17236076.scottish-government-supports-ban-mechanical-dredging-kelp/>
  - o <https://hakaimagazine.com/features/scotlands-seaweed-showdown/>
  - o <https://www.thenational.scot/news/18102201.scottish-kelp-dredging-trigger-environmental-destruction/>
  - o <https://scottishwildlifetrust.org.uk/news/kelp-dredging-banned-in-scotland/>
- Í kynningargögnum, umsóknum og öðrum opinberum gögnum má sjá að skoska fyrirtækið „Marine Biopolymers Ltd. (MBL)“ sótti ákveðið eftir þessum heimildum til skoskra yfirvalda um stórþaranýttjar fyrir Skotlandsströndum.
- Svo virðist sem „Marine Biopolymers“ hafi beint sjónum sínum að Íslandi eftir að ekki höfðu fengist heimildir í Skotlandi. Í nafni MBL var a.m.k. árið 2020 sótt um þróunarverkefni og heimildir til stórþaranýttjar fyrir Norðurlandsströndum. Um er að ræða leyfi sem Íslandsþari ehf. óskaði svo eftir framlengingu á árið 2021.
- Undanfarið hefur verið fjallað um fyrirtækið „Íslandsþara“ sem framkvæmdaraðila starfseminnar sem deiliskipulagið er sniðið að og verkefnið jafnframt kynnt að nokkru leyti á vegum Íslenskra verðbréfa. Undirritaður hefur ekki fundið gögn um eigendahópa eða eigendatengsl Íslandsþara, „Marine Biopolymers“ og Íslenskra verðbréfa. Við kynningu sérsniðinna breytinga á deiliskipulagi fyrir sérhæfða og umdeilda atvinnustarfsemi af því tagi sem hér um ræðir verður að teljast eðlilegt að Norðurlþing upplýsi fyrir íbúa sína hvernig eignarhaldi og hagsmunatengslum aðila og fyrirtækja sem að verkefninu standa er háttað.
- Ýmsar upplýsingar hafa verið í umræðu um nytjar afurða verskmiðjunnar sem deiliskipulagið byggir á. Þ.e. fullunnið efni úr stórþaranum sem verksmiðjan tekur á land og vinnur. Með skoðun gagna má sjá að nokkur hluti þeirra afurða sem um ræðir eru t.d. seldar til gæludýrafóðurs enda virðist sem afurðir henti einkar vel til þess, t.d. hundafóðurs. Einnig sem áburðarefni, í málningu, pappírsiðnað, snyrtivörur auk þess að nýtast til fæðubótarefna og lyfjagerðar. Ekki er að sjá við almenna heimildaleit að nýttjar afurða sé því bundin eingöngu við verðmæt efni til lyfjaþróunar með hátæknilegri úrvinnslu. Sjá t.d.:
  - o <https://seapet.com/the-benefits-of-sea-kelp-supplements-for-dogs/>
  - o <https://sciencing.com/organisms-grow-nutrient-agar-plate-8094992.html>

- o <https://www.aquarium.co.za/blog/entry/everything-you-need-to-know-about-kelp>

### Óbein umhverfisáhætta tengd áformunum

- Skipulag lands og veiting byggingar- og framkvæmdaleyfa á grunni þess er samofin við þá starfsemi sem skipulagið er unnið út frá. Í því tilviki sem um ræðir er deiliskipulag unnið og útfært utan um tiltekna nýtingu og vinnslu stórpara af strandsvæðum Skjálfanda og Norðurlands. Nýting stórparans fer ekki fram án þess að heimildir og skipulag liggi fyrir til verksmiðju og löndunar í landi. Gerð deiliskipulags og umfjöllun um efnisatriði þess þarf því að skoðast í þessu samhengi, þar sem nýttjar og auðlindanýting eru samofin skipulags- og leyfisþáttum í landi. Umhverfisáhrif nýttja eru því ekki óviðkomandi skipulagsvinnu og mati á áhrifum skipulags.
- Við skoðun gagna og rannsókna um nýttjar stórpara á heimsvísu er ljóst að hér er um að ræða mjög viðkvæmt fyrirbæri sem tilheyrir undirstöðu þeirra vistkerfa sem um ræðir á hverjum stað.
- Stórpari og þaraskógar eru búsvæði ótal sjávarlífvera, bæði smærri lífvera neðarlega í keðju vistkerfa en einnig margra fisktegunda.
- Stórparaskógar gegna mikilvægu hlutverki í bindingu kolefnis og hefur tekja slíkra skóga umtalsverð áhrif á kolefnisbindingu. Í rannsóknum hefur komið fram að verulega meiri bindigeta sé í þaraskógum í sjó en í gróðri á landi. Á þeim forsendum má ætla að ræktun, verndun eða „eldi“ þaraskóga geti verið afar skilvirk aðgerð í loftlagsmálum. Að sama skapi geti hlotist af gríðarmikil neikvæð áhrif í loftlagsmálum að höggva eða skerða þaraskógana. Sjá hér t.d.:
  - o <https://sitn.hms.harvard.edu/flash/2019/how-kelp-naturally-combats-global-climate-change/>
- Auðlindanýting í Skjálfanda og með ströndum Norðurlands er af margvíslegum toga og byggir öll á jafnvægi viskerfanna. Stofnar grásleppu, þorsks og annarra fisktegunda byggja allir m.a. á uppveiti við þaraskóga, sem rannsóknir sýna að mynda skjól, búsvæði og aðstæður fyrir uppvöxt og hrygningu. Reglubundin og óröskuð ganga hvala í Skjálfanda er ennfremur orðin undirstaða umsvifamikilla atvinnuvega í ferðaþjónustu á Húsavík og í nágrenni.

---

### Niðurstaða - athugasemdir:

Með vísan til ofangreindra þátta telur undirritaður ekki farsælt eða réttlæt看legt að gera þá breytingu sem framlögð tillaga tilgreinir og leggur til að fallið verði frá henni. Ef dregin eru saman meginatriði sem rökstyðja þetta, með vísan til ofangreindra forsendna, eru þau á þessa vegu:

- Staðsetningarval:
  - o Deiliskipulagið snýr eingöngu að þeim reit sem um ræðir en tekur ekki til annarra staðarvalskosta sem liggja fyrir í aðalskipulagi og gætu hentað verulega betur til þeirrar starfsemi sem er forsenda skipulagsbreytinganna. Helstu svæði eru iðnaðarsvæðið á Bakka, sem kostað hefur verið til mörgum milljörðum úr ríkissjóði og einnig umtalsverðum fjármunum frá Norðurlandi, sem og iðnaðarsvæðið sunnan Húsavíkur, við Hrísmóa. Ekki er farsælt að gera tilsniðnar breytingar á deiliskipulagi afmarkaðra reita til bygginga umsvifamikilla verksmiðja án þess að fjalla með faglegum hætti um öll þau iðnaðarsvæði sem fyrir liggja í gildandi Aðalskipulagi Norðurlands. Deiliskipulag sem hér um ræðir byggir á Aðalskipulaginu og þarf að skoðast í ljósi þess.
- Ásýnd:
  - o Deiliskipulagið snýr að því að koma fyrir allt að 6.000 m<sup>2</sup> og 11 m hárrí verskiðjubyggingu, með skorsteinum, síló og tönkum í miðbæ Húsavíkur. Fyrrgreint gildandi deiliskipulag heimilar ekki mannvirki af þessu umfangi og er hér um umtalsverða breytingu að ræða sem hafa mun mikil neikvæð áhrif á ásýnd.

- o Áhrif af ásýnd þessara stóru mannvirkja magnast upp vegna þeirrar viðkvæmu staðsetningar sem hér um ræðir. Ekki er um iðnaðarsvæði í „bakgarði“ að ræða innan um annan stærri iðnað heldur er byggingarreiturinn í hjarta miðbæjarins á Húsavík. Húsavík heimsækja um 400 þús. ferðamenn ár hvert og um 100 þús. þeirra fara í hvalaskoðun á Skjálfanda. Flest ferðafólk sækir hafnar­svæðið heim og allt fólk­ið fer um miðbæinn. Frá öllum þessum stöðum úr miðbænum og hvalaskoðunarbátum mun fyrrgreind verksmiðja blasa við.
- o Mannvirkin sem skipulagsbreytingin er sniðin utan um munu gerbreyta daglegri ásýnd íbúa nærliggjandi húsa við miðbæinn. Þ.m.t. úr einbýlishúsum af Höfðavegi og Héðinsbraut og Garðarsbraut, líkt og húsi undirritaðs, Garðarsbraut 2. Þá mun verksmiðjan vera mjög áberandi einnig frá öðrum íbúðarhverfum Húsavíkur, enda í sjónlínu til sjávar og fjalla, sem er einkennisatriði á Húsavík, að horfa frá „bakka“ eða af „stéttinni“ til sjávar og Kinnarfjalla.
- Lykt- og efnamengun:
  - o Deiliskipulagstillagan fjallar ekkert um umhverfisáhrif af neinu tagi, þ.m.t. ekki möguleg áhrif þeirrar starfsemi sem um ræðir, þ.e. „vinnslu sjávarfangs“ á þessu svæði. Í umfjöllun og kynningu samstarfsaðila Norðurþings í þessu verkefni, Íslandsþara, hefur ekki verið sýnt fram á það að ekki hljóttist lykt- eða efnamengun af því að landa, meðhöndla og þurrka allt að 40 þús.tonn árlega (100 t.dag) af blautum stórþarastönglum. Kynning og framlagning upplýsinga hefur verið einhliða, enda ekki farið fram umhverfismat eða lagðar fram hlutlausar rannsóknir af neinu tagi. Deiliskipulagstillaga sem byggir á þessu umfangi þarf að fjalla um þessa umhverfisþætti sem snerta nærliggjandi íbúabyggð og atvinnulíf með skýrum hætti.
- Deiliskipulagsbreyting byggir á starfsemi sem ekki hefur nýtingarleyfi:
  - o Deiliskipulagið byggir á að sérsníða breytingar fyrir umfang og útfærslu verksmiðju tengdri aðulindanýtingu sem ekki hefur fengist leyfi fyrir. Eingöngu liggur fyrir takmarkað og tímabundið rannsóknaleyfi en ljóst er að nýtingarleyfi til framtíðar þarf til að af starfseminni geti orðið. Gera má ráð fyrir því að umfjöllun og kröfur sem gerðar eru við meðferð nýtingarleyfis séu gerólíkar því sem er við útgáfu skammtímaleyfis til rannsókna. Fjárfesting innviða og mannvirkja, hvort sem er á vegum framkvæmdaraðila eða sveitarfélags hlýtur að vera umdeilanleg við þessar aðstæður í þessu samhengi. Ekki síst þeim þáttum sem snúa að því að verja skattfé íbúa til innviðauppbyggingarinnar.
- Umferð, öryggi og hávaði:
  - o Deiliskipulagstillagan mun hafa í för með sér gríðarlega aukningu og miklar breytingar á umferð. Þ.m.t. að- og tilflutningum á þungavinnutækjum með 40 þús.t af blautu sjávarfangi árlega. Einnig fyrirséð aukið álag á sumartímanum þegar veður og sjósókn er best. Ekkert réttlætir vísvitandi aukningu á umferðarþunga og þungaflutningum af þessu umfangi ofan í miðbæjarsvæði Húsavíkur. Vísað er til skipulagslýsinga Norðurþings sjálfs í öðrum skipulagsáætlunum, þar sem grundvöllur skipulags miðhafnar og annarra miðbæjarsvæða er einmitt að „verslun og þjónusta sé ríkjandi í norðurhluta svæðisins“. Að færa mikið umfang umferðar með tilheyrandi aukinni slysa­hættu, umstangi, mögulegri lyktarmengun og efnamengun og hávaða inn á þennan norðurhluta miðbæjar og hafnar er ekki skynsöm ráðstöfun og gengur í berhögg við þróun og áherslur Aðalskipulags Norðurþings og miðhafnar­skipulags Norðurþings.
- Umhverfisáhrif og loftlagsáhrif
  - o Deiliskipulagstillagan er tilsniðin fyrir tiltekið fyrirtæki og tiltekin áform (40 þ.t. stórþaraverksmiðju). Umhverfisáhrif hafa ekki verið metin af starfseminni, sem gerir ríkari þörf á umhverfismati og íbúasamráði við áætlanagerð fyrir alla skipulagsvinnu sem tengjast

áformunum. Einnig gerir það ríkara tilkall til þess að gert verði haf- og strandsvæðaskipulag fyrir þau hafsvæði sem um ræðir, ekki síst fyrir það að sveitarstjórn Norðurþings hefur einmitt sjálf gert kröfu með afgerandi hætti um það að slíkt skipulag verði gert. Að sama skapi gerir vöntun á umhverfismati verkefnisins í heild - nytja og mannvirkjagerðar - ríkari kröfu um að hlustað verði á sjónarmið íbúa og atvinnulífs og farið fram með varúðarreglu að leiðarljósi.

- o Alþjóðleg gögn benda til þess að loftlagsáhrif af skerðingu þaraskóga séu mikil. Engar athuganir eða rannsóknir hafa verið gerðar á þessum þætti í tengslum við starfsemi og nytjar sem grundvalla deiliskipulagið. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það að auðlindanýting af þessu tagi falli að áformum og stefnumörkun ríkisstjórnar og sveitarfélaga í loftlagsmálum almennt. Sú deiliskipulagstillaga sem hér um ræðir er tilsniðin og í beinu samhengi við þessa umdeildu auðlindanotkun sem skerðing stórþaraskóga er. Fjalla þarf um deiliskipulagstillöguna í þessu ljósi, ekki síst þar sem umhverfismat hefur ekki farið fram og engar hlutlausar rannsóknir verið lagðar fram.

Á framangreindum forsendum telur undirritaður að falla ætti þegar í stað frá breytingu deiliskipulagsins. Allt bendir til þess að mikil efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhætta felist í þeim áformum sem tillagan er sérsniðin utan um, þ.e. að hefja stórfellda stórþaratöku í Skjálfanda og fyrir ströndum Norðurlands. Þá fylgja að sama skapi afgerandi annmarkar þeirri tilhögun deiliskipulagsbreytingarinnar að ráðgera umsvifamikla og áberandi verksmiðju á umdeildum stað í miðbæ Húsavíkur, án umhverfismats, áður en almennari umfjöllun um iðnaðarsvæði fer fram í breytingu Aðalskipulags Norðurþings og áður en um strandsvæði fyrir Norðurlandi er fjallað í strand- og hafsvæðaskipulagsvinnunni sem sveitarstjórn Norðurþings hefur sjálf óskað eftir.

**Óli Halldórsson**

kt. 100575-5079

Undirritaður er íbúi og húseigandi á Garðarsbraut 2, Húsavík, í nágrenni þess deiliskipulags sem um ræðir. Þær athugasemdir sem gerðar eru eru gerðar í eigin nafni og á eigin ábyrgð. Óskað er eftir því að athugasemdirnar fái efnislega umfjöllun í meðferð deiliskipulagsins. Athugasemdin telst opinbert gagn að hálfu undirritast þegar hún hefur verið send inn til Norðurþings, með vísan til laga nr. 140/2012.